

# ATHUGASEMDIR VEGNA STARFSLEYFIS FYRIR OLÍUBIRGÐASTÖÐ SKELJUNGS Í HVALFIRÐI

## SVÖR VIÐ AÐSENDUM ATHUGASEMDUM

### I. Heilbrigðisnefnd Vesturlands

Nefndin telur að hugsanlega sé þróarrými of lítið ef geyma eigi bensín í geymum birgðastöðvarinnar sbr. ákvæði reglugerðar nr. 188/1990.

- Vegna umræddrar stöðvar hefur Umhverfisstofnun verið upplýst um áform rekstraraðila um að varnarþró verði hönnuð með 100% rýmd stærsta geymis. Athugasemd nefndarinnar hefur því verið mætt og hefur rekstraraðili fengið þær upplýsingar staðfestar hjá Brunamálstofnun að stærð þróar sé fullnægjandi.
- Rekstraraðili hefur jafnframt upplýst að úrbætur í stöðinni sem lúta að eldvörnum eru gerðar í fullu samráði við Brunamálstofnun og Slökkvilið Hvalfjarðarsveitar og Akraness.

### II. Hvalfjarðarsveit

1. Athugasemd um að bensín verði geymt í stöðinni í stað þeirrar olíu sem áður hefur verið geymd í stöðinni og umhverfisnefnd sé ekki að fullu ljóst hvernig henni hefur verið viðhaldið.
  - Reglugerð nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, tekur á olíubirgðastöðvum og þar er kveðið á um geymslu bensíns, sem er ein gerð af olíu. Uppfylla þarf þó kröfur í 2.kafla starfsleyfisins þar sem meðal annars er kveðið á um gufuendurnýtingarbúnað. Áður en stöðin tekur til starfa munu hafa farið fram botnþykktarmælingar og þrýstipolsprófanir á lögnum.
2. Tiltaka ætti sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar sérstaklega í lið 1.5.
  - Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar á aðild að Heilbrigðisnefnd Vesturlandssvæðis og telur Umhverfisstofnun að sá vettvangur sé fullnægjandi fyrir aðkomu sveitarfélagsins að eftirliti með starfseminni.
3. Athugasemd um rýmisþörf varnarþróar og sjónarmið um að miða eigi við 100% rýmd stærsta geymis.
  - Sjá svör í lið I.
4. Talin er þörf á frekari eftirlitsmælingum og örara eftirliti.
  - Kröfur um eftirlitsmælingar eru samræmdar og samkvæmt viðeigandi reglugerðum. Ekkert bendir sérstaklega til þess að gera þurfi mælingar oftari þessari stöð en öðrum eða oftari en kveðið er á um í reglugerðum.
5. Lögð er áhersla á að ljós- og hávaðamengun sé haldið í lágmarki
  - Um hávaða er getið í gr. 2.12 í starfsleyfinu. Ekki er tekið á ljósmengun í íslenskum lögum og reglugerðum.
6. Athugasemdir um snyrtilegt umhverfi og umhverfismarkmið.
  - Tekið er á þessu í 4.kafla starfsleyfisins.
7. Krafist er sólarhringsvöktun af hálfu starfsmanns Skeljungs.
  - Umhverfisstofnun telur að ekki séu rök til að krefjast þessa vegna mengunarvarna og því sé ekki ástæða til að á þessu sé tekið í starfsleyfi.
8. Umræða um fyrirkomulag varnarþróar
  - Hönnun og fyrirkomulag varnarþróar verður að lágmarki að standast kröfur í starfsleyfi.
9. Tilgangur „jöfnunartanks“ er ekki ljós.
  - Þessi geymir stendur þarna sem leifar af gamla varnarsvæðinu og hefur ekki hlutverk svo Umhverfisstofnun sé kunnugt um. Umhverfisstofnun mun ekki amast við honum ef ekki stafar af honum mengunarhætta.